

Ed.

353. Nefndarálit

[175. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frv. þetta er skilgetið afkvæmi stefnu núverandi stjórnar. Gengislækkunarir hafa verið aðalúrræði hennar við sérhverjum efnahagsvanda. Svo skefjalaust og ótæpalega hefur þessu úrræði verið beitt, að segja má að gengisfellingin sé orðin fikni-lyf núverandi stjórnar.

Til eru fikniefni, sem átt geta rétt á sér við sérstakar kringumstæður í smáum skömmtum. Sé hins vegar gripið til þeirra takmarkalaust verða þau vanabindandi og hafa vaxandi eiturverkanir í för með sér, eftir því sem þeim er oftast beitt.

Undanfarin þrjú ár eru mesta gengislækkunartímabil í sögu íslensks gjaldmiðils. Núverandi ríkisstjórn hefur þrisvar sinnum lækkað gengi íslenskrar krónu formlega. Hún hefur auk þess lækkað gengið með svonefndu gengissigi, og má í rauninni segja að slíkt gengissig hafi átt sér stað nær allan valdatíma stjórnarinnar.

Gengislækkunarstefna stjórnarinnar hefur leitt til þess, að nú er Bandaríkjadollar 156.7% hærri í verði gagnvart íslenskri krónu en hann var í ágúst 1974, þegar stjórnin kom til valda. Auðvitað hefur þessi mikla gengisbreyting leitt til gifurlegra verðhækkana hér á landi. Innfluttar vörur hafa af þessum ástæðum hækkað í verði um 150—170%. Gengislækkunarstefnan hefur líka haft sín áhrif á annað verðlag hér á landi.

Þegar núverandi ríkisstjórn tók við völdum í ágústmánuði 1974 var framfærslu-vísitalan 297 stig. Nú er hún orðin 934 stig og nemur því hækkunin 214%. Það þýðir að verðlag hér á landi hefur rúmlega þrefaldast í tíð núverandi stjórnar.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, felur í sér staðfestingu á ákvörðun ríkisstjórnarinnar að fella enn gengi íslenskrar krónu, um 13% í einu skrefi, en það jafngildir hækkun á erlendum gjaldeyri um 14.9%. Ríkisstjórnin heldur sem sagt fast við gengislækkunarstefnuna, sem á undanförunum árum hefur leitt til einstæðrar óðaverðbólgu og siendurtekinna átaka á vinnumarkaði.

Ákvörðunin um að lækka gengið nú um 13% í einu skrefi í framhaldi af gengissigi undanfarandi mánuði er í raun aðeins formleg staðfesting á fyrri ákvörðun ríkisstjórnarinnar í gengismálum. Við afgreiðslu fjárlaga í desembermánuði s. l. kom fram, að ráðunautur ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum hafði þá reiknað með 18% gengissigi á árinu 1978 og áætlað tekjur og gjöld ríkissjóðs samkvæmt því. Ríkisstjórnin hefur því fyrir allöngu ákveðið mikla gengislækkun á árinu, annaðhvort í formi gengissigs eða formlegrar gengislækkunar.

Með formlegri gengislækkun, sem nú á að framkvæma, áformar ríkisstjórnin að gera jafnframt breytingar á þeim kjarasamningum, sem gerðir voru með samþykki hennar á s. l. sumri, og á þeim samningum, sem hún gerði sjálf við BSRB fyrir rétt rúmum þremur mánuðum.

Ljóst er, að með þessu er stefnt að nýjum stóratökum á vinnumarkaðinum. Vandamálin verða síð minni en áður var, þvert á móti verða þau meiri og erfiðari úrlausnar, og hraði verðbólguhjólsins mun enn aukast.

Alþýðubandalagið hefur ásamt öðrum stjórnarandstöðuflokkum og fulltrúum verkálýðshreyfingarinnar bent á aðra leið til lausnar á aðsteðjandi vanda: verðlækkunarleið.

Við erum algerlega andvíg efnahagsstefnu núverandi stjórnar — ef stefnu skyldi kalla.

Ég legg því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 8. febr. 1978.

Ragnar Arnalds.